



Vanskilakostnaður og innheimta

Það er dýrt að lenda í vanskilum þrátt fyrir að ný innheimtulög bæti réttarstöðu skuldara. Hér er innheimtuferli rakið í stuttu máli

Mörgum þykir súrt í broti að greiða kostnað sem myndast vegna vanskila enda getur kostnaðurinn verið fljótur að hlaðast upp. Málum sem snúa að vanskilum hefur fjölgað hjá Neytendasamtökunum undanfarið.

Mikilvægt að bregðast við

Ef fólk er í fjárhagslegum vandræðum og sér sér ekki fært að standa í skilum við kröfuhafa er fyrsta skref að reyna að semja við kröfuhafana. Það er ávallt betra að reyna öll úrræði til þrautar heldur en að sitja aðgerðalaus og vona það besta. Hægt er að leita til Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna eða til þjónustufulltrúa viðskiptabankanna.

Ný lög mikil réttarbót

Ný innheimtulög tóku gildi í byrjun árs en þá hafði frumvarp um innheimtulög verið lagt fyrir þingið átta sinnum, fyrst árið 1998. Í lögnum er lögð áhersla á að innheimtuaðilar leggji stund á góða innheimtuhætti þannig að skuldari sé ekki beittur óhæfilegum þrýstingi eða honum valdið óþarfa tjóni eða óþægindum. Í reglugerð er kveðið á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar en fyrir setningu reglugerðarinnar höfðu innheimtuaðilar nokkuð fjálsár hendur varðandi þann kostnað sem þeir kröfðu skuldara um vegna vanskila. Neytendasamtökin fagna því að þessi lög og reglugerð hafi loksins verið sett enda um gamalt baráttumál samtakanna að ræða.

Verður að senda innheimtuviaðvörðun

Þegar krafa er ekki greidd á gjalddaga eða eindaga (ef hann er tilgreindur), hefst venjulega innheimtuferli sem getur falið í sér umtalsverðan kostnað fyrir skuldara ef ekki er úr bætt. En hvernig fer innheimtuferlið fram?

Þegar vanskil hafa átt sér stað á greiðslu peningakröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega innheimtuviaðvörðun. Slíkt er kallað fruminnheimta. Þar skal meðal annars koma fram að skuldari megi vænta frekari innheimtuaðgerða verði krafan ekki greidd innan tiltekins tíma, en skuldara er þannig gefið færi á því að greiða skuld sína áður en kostnaður vegna vanefndanna hækkar enn frekar. Kostnaður vegna slíks viðvörðunarbréfs skal ekki vera hærri en 900 kr. Ef kröfuhafi lætur þessa viðvörðun koma fram á greiðsluseðli og sendir hana fyrir gjalddaga getur hann ekki krafist kostnaðar vegna viðvörðunarinnar.

Bannað að hlaða á gjöldum

Kröfuhafa eða innheimtuaðila er óheimilt að bæta vanskilgjöldum eða öðrum gjöldum við skuldina við fruminnheimtu. Slíkt tíðkaðist gjarnan hér áður fyrr. Neytendasamtökin fagna því að þessi gjalddaga sé nú bönnuð, enda gat fjárhæðin sjaldnast talist hófleg og hún endurspegladi ekki endilega vinnu kröfuhafa eða innheimtuaðila við innheimtu skuldar.

Milliinnheimta næsta stig

Eftir að innheimtuviaðvörðun hefur verið send og ljóst er að skuldari hefur ekki greitt kröfuna er heimilt að setja kröfu í svokallaða milliinnheimtu. Kröfuhafa eða innheimtuaðila er þá heimilt að halda innheimtuferlinu gangandi með því að senda svokallað milliinnheimtubríf (innheimtubríf) og hámarkskostnaður sem krefja má skuldara um vegna þess er á bilinu 1.250 til 5.500 kr. Upphæðin fer eftir því hve höfuðstóll kröfunnar er hár. Innheimtuaðili hefur val um það hvort hann sendir þetta milliinnheimtubríf yfir höfuð. Þá má innheimtuaðili hringja eitt símtal í milliinnheimtu ef samband næst, en ekki má innheimta meira en 500 kr. fyrir það. Rétt er að benda

á að liða skulu að minnsta kosti tíu dagar milli viðvörunar og bréfs eða milli bréfa.

Löginnheimta

Ef krafan er enn í vanskilum eftir milliinnheimtu má skuldari búast við því að löginnheimta taki við. Kröfuhafi getur krafist þess að fjárnám verði gert í eignum skuldara ef hann greiðir ekki kröfuna innan tiltekins frests. Dugi fjárnámið ekki til þess að greiða skuldina getur innheimtuferlið endað með því að bú skuldara verður tekið til gjaldþrotaskipta, en sú aðgerð getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Á þessu stigi getur kostnaðurinn virkilega farið að hlaðast upp, enda er krafan venjulega komin úr höndum kröfuhafa og lögfræðingur hefur tekið að sér innheimtu hennar. Innheimtuloögin gilda ekki um löginnheimtu og því er ekkert tiltekið þak á þeim kostnaði sem hægt er að leggja á kröfu eftir að hún er komin í löginnheimtu.

Heimilt að innheimta dráttarvexti

Þess ber að geta að kröfuhafa er ennþá heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga og fram að greiðsludegi, hafi gjalddagi verið fyrirfram ákveðinn. Dráttarvextir er almennt hugsaðir sem nokkurs konar bætur sem skuldara ber að greiða vegna vanskila á greiðslu peningakröfu.

Sundurliða skal höfuðstól og viðbótarkröfur, svo sem dráttarvexti og innheimtuþóknun. Þannig getur skuldari lagt mat á hvort vanskilakostnaðurinn standist ofangreindar reglur.

Hvaða þýðingu hefur þetta?

Eins og sjá má af umfjölluninni hér fyrir ofan getur innheimtuferli hjá kröfuhafa eða innheimtuaðila haft miklar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér, þrátt fyrir nýja og betri innheimtuhætti. Í því árferði sem nú ríkir skiptir hver króna miklu máli og því er mikilvægt að bregðast við í tæka tíð ef allt stefnir í óefni.



GBR



L'Oréal fyrir rétt í Svíþjóð

Snyrtivöruframleiðandinn L'Oréal staðhæfir í auglýsingum fyrir hrukkukrem að hrukkur minnki eða hverfi jafnvel alveg með notkun kremsins. Umboðsmaður neytenda í Svíþjóð, sem jafnframt er forstjóri sænsku neytendastofnunarinnar, kallaði því eftir gögnum frá L'Oréal þar sem sýnt væri fram á að fullyrðingar væru sannar. Gögnin þóttu ófullnægjandi og því hefur L'Oréal nú verið stefnt.

Í auglýsingu fyrir Lancôme High Resolution lætur Dr. Ruggiero hafa eftir sér að eftir mánaðarnotkun hafi hrukkur minnkað um 70%. Í annarri auglýsingu, fyrir Vichy Liftactiv Pro, er staðhæft að notkun kremsins minnki hrukkur um 43% og að í vissum tilfellum hverfi þær jafnvel alveg.

Samkvæmt umboðsmanni neytenda í Svíþjóð er eðlilegt að setja háar kröfur þegar markaðssetning á kremum er farin að taka á sig allt að því læknisfræðilegt yfirbragð. Þá er einnig talið mikilvægt að fá það á hreint hvaða gögn verði að liggja til grundvallar hjá fyrirtækjum sem auglýsa með þessum hætti.

Lántökugjald á að vera föst krónutala

Neytendasamtökin hafa í gegnum árin gagnrýnt þjónustugjöld hjá bönkum og sparisjóðum. Þannig hafa samtökin itrekað gagnrýnt að lántökugjald er jafnan lagt á sem föst og fyrirfram ákveðin prósentutala. Samtökin telja eðlilegra að lántökugjald sé skilgreint sem ákveðin upphæð sem endurspeglir þann kostnað sem viðkomandi lánastofnun hefur af lánveitingunni. Slíkur kostnaður kemur t.d. til vegna vinnu við að meta láns- og veðhæfni og frágangs á lánskjöllum.

Bankar í Svíþjóð hafa haft sama fyrirkomulag hjá sér, þ.e. reiknað lántökugjald sem fasta prósentutölu af upphæð lánsins. Umboðsmaður neytenda í Svíþjóð hefur haldið því fram að þessi háttur við að reikna lántökugjald af lánun sé ósamngjarn og því óréttmætur. Umboðsmaður ákvað því að höfða mál gegn einum af sænsku bönkunum fyrir sænska markaðsdómstólum. Nú liggur dómur fyrir og skemmst er frá því að segja að umboðsmaðurinn vann málið. Niðurstaða dómsins var sú að ólöglegt væri að reikna lántökugjald sem fasta prósentutölu af lánsupphæðinni. Þessi niðurstaða er að sjálfsögðu stefnumarkandi fyrir aðrar lánastofnanir í Svíþjóð.

Neytendasamtökin hvetja íslenskar lánastofnanir til að breyta lántökugjaldinu í samræmi við kröfur samtakanna. Verði þær ekki við þessu áskilja Neytendasamtökin sér rétt til að leita allra leiða til að rétta við hlut neytenda hvað þetta varðar.

